

L Ö G

44

16. marz

um heimild fyrir ríkisstjórnina til lántöku vegna þjóðminjasafnshússins.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að taka allt að 550 þúsund króna innlent lán, er varið verði til að ljúka byggingu þjóðminjasafnshússins.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört að Bessastöðum, 16. marz 1951.

Sveinn Björnsson.

(L. S.)

Björn Ólafsson.

L Ö G

45

16. marz

um heimild til ráðstöfunar á fé mótvirðissjóðs.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt, sbr. 3. gr. laga nr. 47/1949, að lána allt að 120 millj. króna af fé mótvirðissjóðs til Sogs- og Laxárvirkjana og Áburðarverksmiðjunnar h.f. Ríkisstjórninni heimilast enn fremur að verja allt að 50 millj. kr. af fé mótvirðissjóðs til greiðslu á skuldum ríkissjóðs við Landsbanka Íslands.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört að Bessastöðum, 16. marz 1951.

Sveinn Björnsson.

(L. S.)

Eysteinn Jónsson.